

Tilmæli 3/2022/Norræna velferðarnefndin D 2022

Fyrri númer B 341
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um aðlögunarmál 2022–2024**Tillaga**

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun um aðlögunarmál 2022–2024, eins og henni er lýst í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

Bakgrunnur

Árið 2016 ákváðu samstarfsráðherrarnir í Norrænu ráðherranefndinni að koma á fót þriggja ára (2016–2018) norrænni samstarfsáætlun um aðlögun flóttamanna og innflytjenda vegna mikils fjölda flóttamanna sem komu til Norðurlanda árið 2015. Samstarfsráðherrarnir – MR-SAM samþykktu árið 2018 að áætlunin héldi áfram á nýju þriggja ára tímabili til og með ársins 2021. Árið 2020 var samþykkt að framlengja áætlunina um þrjú ár til viðbótar þar sem áfram er þörf fyrir þróun þekkingar og aðferða, sem geta stuðlað að aðlögun nýrra íbúa á Norðurlöndum. Núverandi drög að áætlun gilda þannig fyrir tímabilið 2022–2024.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna samstarfsáætlunin um aðlögun flóttafólks og innflytjenda 2022 til 2024 tók gildi árið 2022 og verður framkvæmd að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar fyrir svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum 3/2022, sem telst koma til móts við sjónarmið nefndarinnar.



Nefndin telur með þessu svari þannig að afgangi á svari við tilmælum 3/2022 um samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um aðlögunarmál 2022–2024 sé lokið af hálfu ráðsins.

Reykjavík 7. september 2022

Aksel V. Johannesen (Jvfl.)

Anders Adlercreutz (sv)

Angelika Bengtsson (SD)

Ásmundur Friðriksson (Sj.)

Atte Kaleva (saml)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (gröna)

Kathy Lie (SV)

Kim Berg (sd)

Tobias Drevland Lund (Partiet Rødt)

Tone Wilhelmsen Trøen (H)

Truls Vasvik (A)